

Þar sem óttinn og dauðinn ríkja

Leiklist

Jóhann Hjálmarsson

Listahátíð:
Rajatabla:
Forseti Lýðveldisins.
Leikmynd og lýsing:
Carlos Giménez.
Búningar, veggspjald og brúður:
Cosme Cortazar.
Leikstjóri: Carlos Giménez.

Rajatabla byggir Forseta lýðveldisins á samnefndri skáldsögu Miguel Angel Asturias. En frjállega er farið með efnisþráð sögunnar. Leikhópurinn segir: „Á þessum grunni höfum við reynt að byggja leikrit um suður-amerískan fasisma, eðli valdsins og einræðisstjórnir í okkar álfa. Þetta

þema á í dag meira erindi en nokkru sinni fyrr. Með vissum smávægilegum frávikum (æ fullkomnari og fágæðri kúgunaraðferðum) er útlitið stöðugt það sama: félagsleg vanþróun, útilokun stjórnmálaafskipta og efnahagslegt misrætti.“

Forseti lýðveldisins er að sögn leikhópsins tákn einræðisherra Suður-Ameríku, þess kerfis sem þeir hafa komið sér upp. Það grundvallast á takmarkalausri undirgefni við valdið og því að ryðja tafarlaust öllum hindrunum úr vegi, minnsti grunur um svik við forsetann hefur dauðann í för með sér. Í leikritinu eru mörg atriði, sum hver furðu lík og í anda endurtekningar, en snúast öll um vald sem enginn er óhultur fyrir. Öll atriðin gerast í veislusal forsetans og hann stjórnar þeim

með lítilli bjöllu sem hann hringir. Réttlætishneigð kostar líflát, óttinn og dauðinn ríkja ríkjum, stefnt er að því að túlka yfirþyrmandi mátt dauðans.

Híð miskunnarlaus, stundum hálfúrrealísk myndmál Rajatabla, sýnir kúgun mannlegra tilfinninga, en ekki alveg án vonar. Það er enn von, eins og leikstjórinn sagði að lokinni sýningu.

Suður-amerísk leikritagerð og ekki síst bókmenntir eru oft myndræns eðlis, sækja mikið til myndrænnar sköpunar. En frásögninni er samt ekki gleymt. Við hljótum að hrifast af þeim söguþræði sem leikritið fylgir. Forseti lýðveldisins reynir að vinna bug á stjórnmálalegum vanda sínum með því að hagnýta sér morð á liðsforingja sem var honum auðsveipur. Liðsforinginn er myrtur

af fávita sem eigir um borgina í leit að móður sinni, sífellt kallandi á hana. Til þess að geta hafið enn grimmar ofsóknir en áður kennir forsetinn tveim andstæðingum sínum um morðið. Beitt er opinberri kúgun gegn þeim og einnig dulinni kúgun. Til þess að framfylgja skipunum eru valdir dómáramur og lögreglumenn, en einnig embættismaður og eigandi opinbers málgagns stjórnarinnar. Sú saga er blóði drifin og um leið verður hún til þess að óvæntir hlutir gerast, einkum hvað varðar ástina sem ein getur keppt við dauðann.

Bolívar var myndræn sýning og að sumu leyti ekki eins flókin og Forseti lýðveldisins. Leikadferðir eru sumar tormeltar, en gleymast ekki auðveldlega. Sumar þeirra kalla á ráðningu löngu eftir að

sýningu lýkur. Að því leyti minna þær á ljóð.

Carlos Giménez leikstjóri og höfundur leikmynda hefur á að skipa miklu úrvalsfólki og vinnur sýninguna þannig að veikir blettir liggja ekki í augum uppi. Af leikurum vil ég sérstaklega nefna Roberto Moll sem leikur Cara de Angel. En margir vinna vel og túlka í senn mörg hlutverk: Francisco Alfaro, Dilia Waikaran, Benigno Acuna, Francia Orozco, Andrés Terán, María Brito, Pedro Pineda, Daniel López og Mildred Chirinos. Forsetann lék Anado Sambrano.

Að vonum er nóg af óhugnaði í Forseta lýðveldisins. Þessi óhugnaður var ekki síst áhrifamikill vegna þess að engin ódýr brögð voru notuð til að sýna hann. Það er hið innra æði sem leitar útrásar hjá Rajatabla; hávaðalaust og með einföldum hætti sýnir leikhópurinn okkur harm Suður-Ameríku.

Jóhann Hjálmarsson

Heimurinn fyrir stríð

Bókmenntir

Jóhann Hjálmarsson

Nordahl Grieg:
AFL VORT OG ÆRA
Jóhannes Helgi íslenskaði
og ritaði formála.
Arnartak 1982.

Einhvers staðar stendur skrifað að Nordahl Grieg hafi náð lengst í leikritum sínum. Vel getur verið að svo sé. En Íslendingum er hann kunnastur fyrir ljóð sín, sum þeirra hafa menn lesið eins og Nordahl Grieg væri íslenskt skáld og það er Magnúsi Ásgeirssyni að þakka. Ekki má heldur gleyma skáldsögunni Vor um alla veröld.

Afl vort og æra (Vår ære og vår makt, 1935), eitt af helstu leikritum Nordahl Griegs, er nú komið út í íslenskri þýðingu Jóhannesar

Helga. Í formála skýrir Jóhannes Helgi frá tildrögum leikritsins. Nordahl Grieg taldi að ný heimsstyrjöld væri framundan, einkum eftir að hann hafði kynnt sér Mein Kampf eftir Adolf Hitler. Með leikritinu vildi hann opna augu manna fyrir ógnum styrjalda. Allsherjarverkfali um allan heim var að hans dómi leið til að koma í veg fyrir styrjöld. Á slíku verkfalli endar leikritið og boðskap um frið.

Í formálanum skrifar Jóhannes Helgi: „En heimkominn til Bergen 1935 taldi hann sig best geta þjónað friðarhugsjón sinni með því að draga upp sem viti til varnaðar myndir af þátttöku norskra sjómanna í heimsstyrjöldinni fyrri. Og það voru einmitt þessar norsku myndir úr fortíðinni sem mest áhrif höfðu á leikhúsgesti þegar verkið var frumsýnt vorið 1935, myndirnar frá hinni svokölluðu „Jobbetid“, gróðabrallstímabili Norðmanna 1914–18, fyrirbæri

sem var svo hrikalegt og siðlaust að tæpast mun unnt að ýkja það í skáldskap; hinir nýríku skipamiðlarar og spekulantar, kaupmenn dauðans, voru nákvæmlega eins og Nordahl Grieg lýsir þeim — og sumir verri. Norðmenn höfðu aldrei orðið vitni að öðru eins gullæði og gróðabralli, og norsk saga geymir engin dæmi um jafn ruddalega og storkandi auglýsingu ríkisáæmis — meðan alþýða manna, allur þorri þjóðarinnar, bjó við þröngan kost vegna dýrtíðar og á fjórða þúsund norskir sjómenn fórust í styrjaldarátökum á höfum heimsins.“

Afl vort og æra er samið á orlagatímum. Það er í anda sósíalísma og verklyðsbaráttu fjórða áratugar. Útgerðarmennirnir eru fulltrúar gróðahyggjumannanna sem svífást einskis þegar peningar eru annars vegar. Þeir hika ekki við að senda menn út í opinna dauðann, leggja fjölskyldur þeirra í rúst, en leika dyggilega hlutverk hins góða



Nordahl Grieg

föður og eiginmanns. Á bak við tjöldin stunda þeir svallveislur. Gegn þessum skinhelgu mönnum er stefnt sjómönnum og verkamönnum sem eru hrjúfir á yfirborðinu og lítið fyrir að sýnast. Þeir eiga ekki annarra kosta völ en þjóna útgerð-

armönnum. En raddir sem krefjast jafnræðis gerast æ háværari.

Nordahl Grieg verður ekki kallandi einsýnn höfundur, síður en svo. En honum er mikið niðri fyrir í Afl vort og æra. Þess vegna verða andstæðurnar stundum of miklar, persónur leikritsins ekki nógu mannlegar. Engu að síður eru í leikritinu drög að heilsteyptum persónulýsingum þótt rúnum fjórutíu árum seinna virðist margt einfaldað um of. Leikritið er barnsins tíma og ómaksins vert að kynnst því hvernig ungir hugsjónamenn sáu heiminn á árunum fyrir stríð.

Jóhannes Helgi hefur þýtt leikritið og fylgt því vel úr hlaði. Hann er sjálfur hrifinn af dæmi Nordahl Griegs, að líta á skáldgáfu „sem tæki til að betrumbæta heiminn“. Jóhannes segir um Nordahl Grieg að skáld „sem adhyllast tiskustefnur“ geti „allt af honum lært“. Hann sleppir að geta þess að sósíalísminn var á þeim árum sem Nordahl Grieg skrifaði Afl vort og æra ekki aðeins líffskoðun heldur einnig eins konar tiskustefna í bókmenntum og listum.

Jóhann Hjálmarsson

Magnús Tómasson sýnir

Myndlist

Valtýr Pétursson

Fyrir eins og ári var Magnús Tómasson valinn til að helga sig list sinni eingöngu og bar titilinn „Borgarlistamaður“ fyrstur manna. Það er að segja; hann fékk fyrstur listamanna styrk þann, er borgaryfirvöld hafa stofnað til, og átti hann sannarlega skilið. Magnús var í forystu um rekstur Gallerí SÚM á sínum tíma, og seinustu árin held ég, að hann hafi rekið þann stað fyrir eigin reikning. Magnús hafði einnig vakið athygli með verkum sínum og mér er í fersku minni fyrsta sýning, er hann hélt á olíumálverkum sínum í Boga-salnum hér á árunum. En mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan.

Að Kjarvalsstöðum skilar nú Magnús því dagsverki, er af honum var vænst í sambandi við styrkinn. Og þó mun meiru en til stóð, því að sýning hans nær fram fyrir þá tíð, er hann gerðist „Borgarlistamaður“. Þessi sýning Magnúsar er víðameiri en fyrri sýningar hans, og hann virðist vera kominn í miklu fastari farveg með listsköpun sína en áður. Hann gerir myndir



sínar að vísu úr heldur efnislitlum hlutum, en hugmyndir og heimspekilegar vangaveitur eru því meir áberandi. Ekki er ég nú viss um, að skilningur minn sé alls staðar í samræmi við það, sem listamaðurinn ætlast til, en hann ritar í sýningarskrá skemmtilegan formála, sem gerir grein fyrir því, hvað hann er að fara í sumum verka sína. Magnús hefur ætíð verið blanda af háðfugli og ádeilumanni á samtíð sína, og ég held, að honum takist nokkuð vel á því sviði á stundum. Hann hefur verulega tekið til hendi þann tíma, sem hann hefur verið leystur úr þeirri ánaud listamanna að strita fyrir brauði sínu, og ég fæ ekki betur séð en að hann hafi fyllilega staðið í sínu stykki, ef svo má að orði kveða.

Ég hafði ánægju af mörgum verkum Magnúsar, sem eru á göngum og í fundarsal Kjarvalsstaða. Sú innrétting, sem nú

er á þessu svæði, er ný af nálinni og kemur afar skemmtilega fyrir sjónir. Verk Magnúsar eru oft í myndröðum og falla þrýðilega að umhverfi því, er skapast hefur við þessa nýbreytni. Sýniljóð II og skúlptúr kallar Magnús list sína, og skýrir þessi nafngift hvern skilning Magnús leggur í þessi verk. Það er með öðrum orðum óákveðið, hvort um ljóð eða mynd er að ræða. Pýramíðarnir segja aftur á móti ótvíræða sögu og flokkast undir skúlptúr. Saga flugsins hefur áður komið við sögu í verkum Magnúsar og gerir það enn á þessari sýningu. Þetta er í heild skemmtileg og notaleg sýning, en ekki fer mikið fyrir miklum átökum. Efnid, sem Magnús vinnur úr, er yfirleitt heldur létt í eðli sínu, og það mætti segja mér, að í sumum tilfellum væri það heldur til lýta fyrir sjálfar hugmyndirnar. Þar með er settur punktur.

Walasse Ting

Þáttur Listasafns Íslands í Listahátíð að þessu sinni er sannarlega ekki af verri endanum. Það hefur fengið til sýningar verk eins þeirra heimsþekktu málara, sem eyða tíma sínum í París og New York til skiptis. Það er Kínamaðurinn WALASSE TING, sem hér er á ferð. Hann er ákaflega eftirtektarverður listamaður, sem notar sér litaskrúð og leikandi teikningu til að tjá hug sinn hverju sinni. Verk hans eru létt og svíandi, hafa austrænan blæ, en eru samt að miklu leyti runnin úr vestrænni þróun. Í því sambandi má ótvírætt benda á skyldleika við tækni og litameðferð sjálfs Matisse.

Ég varð snortinn af þessum verkum Tings. Hann yrkir á pappír með akrýl-litum svo leik-

andi, að maður hlýtur að ætla, að hér sé mikill lífskúntner á ferð. Maður, sem lifir fyrir ástina. Maður, sem dáir kvenfólk, ketti, blóm og hesta. Allt er þetta sett á myndflöt með skáldlegu ívafi, sem er mjög persónulegt, svo persónulegt, að hvergi er farið út fyrir vissan ramma, sem að vísu verður til lengdar nokkuð þröngur og gerir vinnu þessa sérstæða listamanns ef til vill of einhliða. Það eru sömu fyrirmyndir og vídfangsefni, sem endurtaka sífellt sömu tækni, og því verður heildarsvipur þessarar sýningar einum um of á sömu bókinna lærður. En hér er á ferðinni einmitt eitt af því, er þjáir hina frægu menn. Þeir verða að mála sí og æ í sama fari til að koma verkum sínum verulega á markað og þjóna þannig viðskiptavinum sínum. Þetta er um við smærri spámennirnir algerlega lausir við, og er það einn af kostunum við að vera ekki of frægur. Hvað um það, listrænt gildi verka Tings breytist ekki við þessa aðfinnslu. Verk hans standa fyrir sínu, og það er það sem máli skiptir.

Það var mjög ánægjulegt að kynnst verkum þessa ágæta Kínamanns, sem nú siglir undir amerísku flaggi, ef ég hef rétt skilið. Sýningarskrá hefur að bjóða viðtal við Ting, þar sem hann leikur á als oddi, og hann gefur gamansama frásögn af skáldskap og vinnubrögðum sínum. Ég hefði ekki viljað missa af þessari sýningu, og það er sannast mála, að Listasafn Íslands hefur vart boðið upp á eins

